

Öryggishlið – Leiðbeiningar og umgengnisreglur

Opna með GSM síma

Til þess að geta notað GSM síma til að opna hliðin þarf að vera búíð að forrita viðkomandi GSM-símanúmer inn í stýringu hliðsins.

Þegar komið er að hliðunum þá er bifreið stöðvuð og hringt í símanúmer viðkomandi hliðs.

Hliðið opnast þá og hleypir einni bifreið inn í einu.

Hringja þarf í hliðið bæði þegar farið er inn og út af svæðinu.

Ekkert kostar að hringja í hliðin þar sem enginn svarar símhringingunni.

Eins og að framan segir þá eru það einungis þau númer sem skráð hafa verið í gagnagrunninn sem hafa heimild til að opna hliðin.

Opna með fjarstýringu

Þegar komið er að hliði þá er fjarstýringu beint að hliðinu.

Opnast þá hliðið og hleypir einni bifreið inn í einu.

Hámarksdrægni fjarstýringar er 25 metrar.

Nota þarf fjarstýringu bæði þegar farið er inn og út af svæðinu.

Umgengnisreglur

Þegar farið er um hliðin er þeim tilmælum beint til félagsmanna að þeir hleypi ekki öðrum bifreiðum inn í kjölfarið nema þær séu á vegum viðkomandi félagsmanns. Hliðin eru vörn okkar gegn innbrotum og óviðkomandi eiga ekkert erindi inn á svæðið nema þeim sé hleypt inn af félagsmanni sem ber ábyrgð á viðkomandi. Athugið að einstaklingar sem þannig er hleypt inn, komast ekki út af svæðinu aftur.

Ef bifreið kemur fyrir aftan bifreið félagsmanns og bíður þar, skal félagsmaður fara í gegnum opið hlið og bíða þar til hlið lokast og halda svo inn á svæðið.

Ekki er, undir neinum kringumstæðum, heimilt að eiga við hliðin og búnað tengdan þeim án leyfis stjórnar. Þetta á meðal annars við þegar þörf er á að taka hlið niður vegna umferðar stórvirkra vinnuvéla eða vegna flutninga.

Það skal ítrekað að með öllu er óheimilt að halda hliðum opnum um lengri eða skemmri tíma. Litið er á slík afskipti af virkni hliðanna sem eignaspjöll og mun stjórn félags sumarhúsaeigenda í Úthlíð kæra slíkt til lögreglu. Verði félagsmaður ítrekað staðinn að eignaspjöllum sem þessum þá mun stjórn, auk kæru til lögreglu, loka aðgangi viðkomandi að hliðum félagsins.

Símanúmer hliðanna

Hlið 1	856 0521	Staðsett hjá bensíndælunni hjá Réttinni
Hlið 2	856 0522	Neðst í brekkunni á Skútavegi
Hlið 3	856 0523	Á gatnamótum Skarðavegs og Guðjónshvamms
Hlið 4	856 0524	Á gatnamótum Skarðavegs og Djálknaverar